



# Safnaðarblað Akureyrarkirkju

## Sumartónleikar í Akureyrarkirkju

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju verða að venju alla sunnudaga í júlímánuði og fjölbreytnin verður að vanda í fyrirrúmi. Á fyrstu tónleikun-



Guðný Einarsdóttir.

um, sem verða sunnudaginn 7. júlí mun Guðný Einarsdóttir leika á orgel Akureyrarkirkju. Guðný er einn af Íslands bestu orgelleikurum í dag en hún stundaði nám í Kaupmannahöfn og París. Undanfarin ár hefur hún leikið reglulega á orgel Hallgrímskirkju í tónleikaröðinni „Alþjóðlegt orgelsumar“, leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Ísland og leikið á tónleikum með fjölda annarra tónlistarmanna auk þess að leika inn á hljómdiska.

Sunnudaginn 14. júlí verða píanótónleikar í Akureyrarkirkju en þá leikur Peter Maté verk eftir Rachmaninoff, Liszt, Beethoven og Þorkel Sigurbjörnsson. Peter Maté er af ungversku bergi brotinn en hann var fæddur í Rožnava í Tékkóslóvakíu. Hann stundaði píanónám frá unga aldri en lauk einleikara- og kennaramastersgráðu úr Tónlistarakademíunni í Prag. Peter hefur verið búsettur á Íslandi frá árinu 1990 og kennir nú við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann hefur haldið einleikstónleika, leikið einleik með



Peter Maté.

ýmsum sinfóníuhljómsveitum og tekið þátt í kammertónleikum (Trío Reykjavíkur, Kammertrío Kópavogs) víða í Evrópu og Bandaríkjunum. Í febrúar 2012 frumflutti Peter á Akureyri píanókonert Jóns Ásgeirssonar ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.



Kristjana Arngrímsdóttir.

Þriðju tónleikarnir, þann 21. júlí, verða í höndum sönkonunnar góðu, Kristjönu Arngrímsdóttur en hún mun flytja fjölbreytta söngdagskrá ásamt meðleikurum sínum. Kristjana Arngrímsdóttir er fædd á Dalvík og nam tónlist á Íslandi og í Danmörku. Hún var í 14 ár félagi í Tjarnarkvartettinum sem var þekktur víða um Evrópu fyrir flutning á norrænum söng- og þjóðlögum og hefur hún að auki gefið út nokkra einsöngs geisladiska sem hafa notið mikillar hylli fyrir sönggleði og vandaðan flutning.

Á síðustu tónleikunum, þann 28. júlí, munu þeir félagarnir Sigurður Flosason saxofónleikari og Gunnar Gunnarsson, orgelleikari leika lög í eigin útsetningum, en þar gegnir spuni

stórtu hlutverki. Sigurður og Gunnar hafa starfað saman í langan tíma og vakið athygli fyrir diska sína „Sálma lífsins“, „Sálma jólananna“ og „Draumalandið“ en þeir hafa notið mikilla vinsælda og hlotið jákvæða dóma. Þess má geta að Sigurður og Gunnar voru tilnefndir til íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir „Draumalandið“. Þeir félagar hafa auk þess báðir gefið út diska í eigin nafni og leikið inn á fjölda diska með öðrum tónlistarmönnum.

Allir tónleikarnir hefjast klukkan 17:00 og er aðgangur ókeypis.



Sigurður Flosason og Gunnar Gunnarsson.



Frá vorferð eldri borgara 2012. Séra Bolli Pétur Bollason tekur á móti hópnunum í Þorgeirskirkju.

## Félagsstarf eldri borgara við Akureyrarkirkju

Kæru lesendur!

Safnaðarheimilið okkar var vígt 17. nóvember 1990 á 50 ára afmæli kirkjunnar. Þá varð mikil breyting á aðstöðu alls félagsstarf á vegum kirkjunnar. Fljótlega varð hér mikil og margvísleg starfsemi. Haustið 1991 stóð þáverandi formaður sóknarnefndar Ragnheiður Árnadóttir fyrir því að hafa sérstakar samverustundir fyrir eldri borgara eða „opið hús“ á fimmtudögum milli kl. 15.00 og 17.00. Þar lágu frammi blöð og hægt var að grípa í spil eða tefla. Skipulögð dagskrá var svo einu sinni í mánuði með erindum, söng, tónlistaratriðum ofl. Þá var einnig boðið uppá kaffiveitingar. Sóknarprestarnir komu og sérstakt starfsfólk var til aðstoðar. Smám saman kom í ljós að aðsókn að vikulegum samverum dvínaði og þá var horfið að því að hafa samverustundirnar einu sinni í mánuði og undirbúa

dagskrá vel og bjóða upp á veislukaffi. Margir hafa lagt hönd á plóginn varðandi dagskráratriði og kaffiveitingar hafa verið reiddar fram að konum í Kvenfélagi Akureyrarkirkju í meira en 10 ár. Öllu þessu góða fólki eru færðar þakkir fyrir þeirra framlag. Alltaf koma prestarnir og þeir ljúka með okkur dagskránni með bænastund og sálmasöng. Þessu félagsstarfi eldri borgar lýkur á vorin með ferðalagi sem alltaf eru vinsæl og vel sótt.

Frægur heimspekingur sagði fyrir margt löngu að ellinni væri engin föst takmörk sett, og gamall maður og gömul kona njóti sín vel á meðan þau gegna skyldum sínum og virða dauðann að vettugi. Af þessu leiðir að ellin virðist og reynist jafnvel djarfari og hraustari en æskan.

Guð veri með okkur öllum.

Þórunn Sigurbjörnsdóttir.



Akureyrarkirkja.

## SAFNAÐARBLAÐ AKUREYRARKIRKJU



Stúlknakór Akureyrarkirkju.

## Starf Stúlknakórs Akureyrarkirkju

Stúlknakór Akureyrarkirkju er nú að ljúka afar vel heppnuðu starfsári með ferðalagi til Fredrikstad í Noregi í maí. Fredrikstad er fimmti stærsti bær Noregs, með um 75 þúsund bæjarbúa. Bærinn liggur við minni Glömmu, lengstu á Noregs. Rennur áin í gegnum miðbæinn og áfram út í Osló-fjörðinn, þar sem hún opnast í fallegum skerjagarði, Hvaler eyjar.

Þar mun kórinn taka þátt í fimm daga norrænu kóramóti, Norbusang, ásamt 500 öðrum ungum söngvörum frá Íslandi, Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Grænlandi og Noregi. Kóramótið fer að mestu fram í Dómkirkjunni í Fredrikstad og gist verður í skólum í nágrenninu. Markmiðið er að mynda tengsl á milli ungra kór-félaga og kórstjóra á Norðurlöndunum, miðla tónlist frá þátttökulöndunum ásamt því að örva nýsköpun á tónlist og að miðla tónlistarþekkingu og reynslu.

Síðan 1987 hafa hundruð barna á hverju ári hist á Norbusang og syngja kórarnir undir stjórn virtra kórstjóra frá mismunandi löndum. Einnig er samið nýtt kórverk fyrir hverja hátíð og auk þess gefst þátttakendum kostur á að halda sjálfstæða tónleika og kynna tónlist frá sínu heimalandi. Þátttakendur skiptast í mismunandi hópa eftir aldri og getu og sungin fjölbreytt tónlist.

Mikil spennan er fyrir ferðinni hjá stúlkunum en veturinn hefur verið annasamur við fjáröflun vegna ferðarinnar og söng við ýmis tilefni en þar hefur fjölbreytnin verið í fyrirrúmi. Stúlknakór Akureyrarkirkju söng með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á aðventutónleikum hljómsveitarinnar í desember, hélt sína eigin tónleika þann 22. mars og tók þátt í frumflutningi á glænýjum Fluglakabarett, ásamt barnakórnum kirkjunnar, í Akureyrarkirkju 21. apríl sl. Að auki syngur kórinn við helgihald í Akureyrarkirkju t.d. í fermingarmessum og við ýmis tækifæri utan kirkjunnar.

Akureyrarkirkja er afar stolt af Stúlknakórnum enda skipa hann hæfileikaríkar, duglegar og skemmtilegar stúlkur sem mynda góðan hóp saman. Fyrirtæki og einstaklingar á Eyjafjarðarsvæðinu hafa verið fús til að styðja við bakið á stúlkunum sem er ómetanlegt fyrir þær og mikil hvatning. Fyrir það eru þær mjög þakklátar. Á bak við Stúlknakórinn stendur líka mjög öflugt foreldrafélag sem hefur unnið virkilega gott og óeigingjarnt starf í vetur og á miklar þakkir skilið.

Það er óskandi að Stúlknakór Akureyrarkirkju eigi ánægjulega ferð til Noregs og haldi í kjölfarið áfram að auðga samfélagið með söng sínum í framtíðinni.

## Hópur úr Æskulýðsfélagi Akureyrarkirkju á leið til Taize í Frakklandi í sumar

Æskulýðsfélag Akureyrarkirkju heldur til Frakklands núna í júlí og ætlar að dvelja vikutíma í Taize, en Taize er samfélag sem var stofnað árið 1940, þar sem í dag búa saman um 100 bræður sem koma frá ólíkum trúarlegum bakgrunni, bæði rómversk-kaþólskum og mótmætlendatrúar. Markmið Taize samfélagsins er að vera til leiðbeiningar um hvernig kristið samfélag á að lifa og starfa en líf þess á að vera sáttargjörð milli kristinna sem eru sundraðir og milli mannfólks sem býr við aðgreiningu. Samfélagið er algjörlega sjálfbært og bræðurnir lifa af eigin vinnu og þiggja engan fjárstuðning. Allt sem er ánaðnað samfélaginu er gefið áfram til fátækra.

Í gegnum tíðina hafa ungmenni komið alls staðar að úr heiminum og dvalið í samfélaginu og hafa slíkar heimsóknir aukist ár frá ári. Ungmennin gista í tjöldum, taka þátt í eldamennsku, þrífum, fræðslustundum og bænastundum samfélagsins.

Þetta samfélag verður okkar áfangastaður í sumar en farið er í samstarfi við ungmenni í Þýskalandi,

Finnlandi og Eistlandi. Þetta er samstarf sem hefur staðið yfir í mörg ár en hópurinn hittist síðast hér á Akureyri sumarið 2012. Það eru 10 ungmenni sem fara en farastjórar eru sr. Sunna Dóra Möller og sr. Hildur Eir Bolladóttir. Það er enginn vafi á því að þessi heimsókn mun verða ungmennunum lærdómsrík enda um að ræða upplifun sem fæst þeirra hafa reynt áður. Ferðinni líkur svo í París en þar ætlum við að dvelja í nokkra daga og skoða borgina saman. Ungmennin sem taka þátt í þessu verkefni hafa öll verið hluti af æskulýðsstarfi kirkjunnar um árabíl, hafa starfað sem leiðtogar og eru orðin mikilvægur hluti af safnaðarlífi kirkjunnar. Það er gaman að fylgjast með ungu fólki vaxa upp í kirkjustarfi og þess vegna er ferðin okkar í sumar mikið tilhlökkunarefni. Stefnt er sannarlega að því að halda þessu ungmennaskiptasamstarfi áfram, af því að það hefur sýnt sig og sannað að það er dýrmætur hluti af unglíngastarfi Akureyrarkirkju og hefur bara eftir það og styrkt, góður Guð gefi að svo verði áfram, starfinu til heilla og blessunar.



Hópur ungmenna á æskulýðsmóti á Akureyri sumarið 2012.

## Fermingar vorið 2014

Fermingardagar vorsins 2014 verða tilkynntir á fundi sem haldinn verður með fermingarbornum og foreldrum þeirra í Akureyrarkirkju miðvikudaginn 22. maí nk. kl. 20.00. Þar verður farið yfir skipulag vetrarins 2013-2014, skráningarblöð afhent og fjölskyldum boðið að velja sér fermingardag. **Mikilvægt er að allir mæti á þennan fund.**

## Aðalsafnaðarfundur Akureyrarsóknar

Aðalsafnaðarfundur Akureyrarsóknar var haldinn sunnudaginn 14. apríl sl. Sóknarnefnd Akureyrarkirkju var endurkjörin.

Nefndina skipa: Rafn Sveinsson formaður, Birgir Styrmisson varafor-

maður, Gestur Jónsson gjaldkeri, Bryndís Baldursdóttir ritari, Gunnur B. Ringsted, Jón Oddgeir Guðmundsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Stefánía Hauksdóttir og Sæbjörg S. Kristinsdóttir.

## SAFNAÐARBLAÐ AKUREYRARKIRKJU

## Kirkjulistavika í Akureyrarkirkju 2013

**Fimmtudagur 25. apríl,  
sumardagurinn fyrsti**

Kl. 9:00-17:00: Sýningar í Safnaðarheimili og kapellu opnar. *Aðgangur ókeypis.*

Kl. 11:30-17:00 Kaffihúsið opið. Skemmtiatriði og lifandi tónlist allan daginn. „Ó blessuð vertu sumarsól“ verður lag dagsins.

Kl. 10:30: Fermingarmessa í Akureyrarkirkju. Prestar eru sr. Svavar Alfreyð Jónsson og sr. Hildur Eir Bolladóttir. Félagar úr Kór Akureyrarkirkju syngja. Organisti er Eyþór Ingi Jónsson.

**Föstudagur 26. apríl**

Kl. 9:00-17:00: Sýningar í Safnaðarheimili og kapellu opnar. *Aðgangur ókeypis.*

**Laugardagur 27. apríl**

Kl. 12:00-17:00: Sýningar í Safnaðarheimili og kapellu opnar. *Aðgangur ókeypis.*

**Sunnudagur 28. apríl**

Kl. 11:00: Lokahátíð barnastarfsins. Sr. Hildur Eir Bolladóttir, sr. Sunna Dóra Möller og Hjalti Jónsson sjá um hátíðina. Báðir barnakórar Akureyrarkirkju syngja undir stjórn Sigrúnar Mögnu Þórsteinsdóttur og Sigríðar Huldu Arnardóttur. Una Haraldsdóttir leikur á orgel. Pitsuveisla og skemmtiatriði í Safnaðarheimilinu strax á eftir.

**Kl. 12:00-16:00: Sýningar í**

Safnaðarheimili og kapellu opnar. *Aðgangur ókeypis.*

Kl. 16:00: Hátíðartónleikar í Hofi.

Kór Akureyrarkirkju og Sinfóníu-hljómveit Norðurlands ásamt ein-söngvurunum Huldu Björk Garðarsdóttur sópran, Alínu Dubik alt, Snorra Wium tenór og Ágústi Ólafssyni bassa flytja hið stórkostlega og gleðiríka verk *Missa Dei Patris* eftir Jan Dismas Zelenka. Stjórnandi er Eyþór Ingi Jónsson.

Kl. 20:00: Dans- og harmonikumessa Akureyrarkirkju.

Sr. Svavar Alfreyð Jónsson messar og söfnuðurinn dansar og syngur. Dansarar úr Vefaranum og félagar úr Félaga harmoníkuunnenda við Eyjafjörð stýra söng og dansi safnaðarins.



## Fermingarbörn í Akureyrarkirkju 25. apríl til 1. júní 2013

**Sumardaginn fyrsta, 25. apríl, kl. 10:30**

Auður Anna Jónasdóttir, Akurgerði 5a, Akureyri.  
Daníel Þórðarson, Dalsgerði 3a, Akureyri.  
Elísa Ósk Jónsdóttir, Suðurbyggð 19, Akureyri.  
Elísabet Ingibjörg Sævarsdóttir, Norðurgötu 51, Akureyri.  
Eygló Ómarsdóttir, Vanabyggð 8b, Akureyri.  
Ísak Matthíasson, Melateigi 2, 600 Akureyri.  
Jóhann Geir Sævarsson, Grundargerði 6f, Akureyri.  
Kristján Gabriel Sigurjónsson, Hrafnagilsstræti 38, Akureyri.  
Maríanna Ósk Mikaelisdóttir, Tjarnarlundi 2d, Akureyri.  
Sylvía Sól Guðmundsdóttir, Hólatúni 22, Akureyri.  
Tinna Sól Gautadóttir, Ásabyggð 2, Akureyri.  
Tómas Örn Arnarson, Reynivöllum 2, Akureyri.  
Vikar Mar Valsson, Hvannavöllum 2, Akureyri.  
Þórgunnur Þórsteinsdóttir, Hólsgærði 3, Akureyri.

Embla Sólrún Einarisdóttir, Jörvabyggð 5, Akureyri.  
Erna Kristín Birkisdóttir, Stekkjartúni 27, Akureyri.  
Freysteinn Sverrisson, Rimasíðu 27f, Akureyri.  
Heiðrún Ásta Torfadóttir, Hólatúni 16 eh, Akureyri.  
Heiðrún Guðmundsdóttir, Jörvabyggð 11, Akureyri.  
Hermann Svanur Guðjónsson, Norðurgötu 3, Akureyri.  
Hilma Rún Jónsdóttir, Vanabyggð 4b, Akureyri.  
Jana Þórey Bergsdóttir, Byggðavegi 86, Akureyri.  
Jón Kristinn Þorgeirsson, Akurgerði 5d, Akureyri.  
Katla Björg Dagbjartsdóttir, Þórunnarstræti 89, Akureyri.  
Oliver Helgi Gíslason, Furulundi 4j, Akureyri.  
Salka Hermannsdóttir, Hamarstíg 28, Akureyri.  
Sóley Björk Gísladóttir, Stekkjartúni 18, Akureyri.  
Stefán Bjarki Tulinius, Tjarnarlundi 18b, Akureyri.  
Sædis Eiríksdóttir, Baugatúni 4, Akureyri.  
Tinna Karen Rögnvaldsdóttir, Skálategi 5, Akureyri.  
Tinna Rut Andrésdóttir, Grænugötu 6, Akureyri.

Eva Dís Halldórsdóttir, Helgamagrastræti 53, Akureyri.  
Guðmundur Karl Sigurðsson, Helgamagrastræti 26, Akureyri.  
Helena Hrunn Vignisdóttir, Stekkjartúni 30, Akureyri.  
Índra Jónasdóttir, Brekatúni 16, Akureyri.  
Ólöf Rún Pétursdóttir, Kjarnagötu 16, Akureyri.  
Sigrún Ebba Eggertsdóttir, Furulundi 4f, Akureyri.  
Sigurlína Rut Jónsdóttir, Birkilundi 4, Akureyri.

**Hvítasunnudag, 19. maí, kl. 13:30**

Andrea Ylfa Benediktsdóttir, Þórunnarstræti 124, Akureyri.  
Anton Örn Pálsson, Þingvallastræti 10, Akureyri.  
Arnrún Eik Guðmundsdóttir, Norðurbyggð 21, Akureyri.  
Áslaug Erlingsdóttir, Furulundi 4i, Akureyri.  
Bríet Rán Elefsen, Byggðavegi 94, Akureyri.  
Daniel Hafsteinnsson, Kotárgerði 10, Akureyri.  
Gígja Teitsdóttir, Klettaborg 14, Akureyri.  
Gunnar Sigurðsson, Engimýri 10, Akureyri.  
Gunnar Ingi Sverrisson, Hamarstíg 26, Akureyri.  
Gunnlaugur Gunnþórsson, Norðurbyggð 9, Akureyri.  
Hanna Margrét Hannesdóttir, Vanabyggð 17, Akureyri.  
Hrönn Atladóttir, Baugatúni 7, Akureyri.  
Jake Petur Martin, Fjellvegen 25a Frogner, Noregi.  
Kristín Aðalheiður Jóhannsdóttir, Furulundi 4e, Akureyri.  
Saga Líf Sigurðardóttir, Engimýri 10, Akureyri.

Sara Atladóttir, Baugatúni 7, Akureyri.  
Símon Þórhallsson, Kambsmýri 4, Akureyri.  
Stefán Atli Arnarson, Ægisgötu 26, Akureyri.  
Tómas Dan Halldórsson, Grenilundi 21, Akureyri.  
Una Haraldsdóttir, Akurgerði 1d, Akureyri.  
Valgerður Jónsdóttir, Litluhlíð 2g, Akureyri.

**Laugardaginn, 1. júní, kl. 10:30**

Arndís Sigurjónsdóttir, Akurgerði 11b, Akureyri.  
Björgvin Helgi Hannesson, Tjarnarlundi 11d, Akureyri.  
Egill Ólafur Arnarson, Bjarmastíg 11, Akureyri.  
Gísli Björgvinsson, Lindasíðu 45, Akureyri.  
Gunnar Dofri Viðarsson, Hörðukór 3, Kópavogi.  
Hanna Sóley Egilsdóttir, Þórunnarstræti 127, Akureyri.  
Haukur Gunnarsson, Þórunnarstræti 87, Akureyri.  
Jóhann Bjarki Þorvaldsson, Furulundi 4g, Akureyri.  
Jón Ingi Ingimundarson, Heiðarlundi 7h, Akureyri.  
Knútur Jensson, Jörvabyggð 2, Akureyri.  
María Lovísa Jónsdóttir, Hrisalundi 18a, Akureyri.  
Sesselja Dís Heiðarsdóttir, Lerkilundi 26, Akureyri.  
Sigurður Freyr Þorsteinsson, Rauðumýri 11, Akureyri.  
Sigþór Veigar Magnússon, Löngumýri 30, Akureyri.  
Sóley Lilja Stefánsdóttir, Lækjartúni 8-103, Akureyri.  
Sunna Björk Þórðardóttir, Ásatúni 38, Akureyri.  
Sylvía Siv Gunnarsdóttir, Löngumýri 14, Akureyri.  
Sölvi Halldórsson, Skálagerði 6, Akureyri.  
Viðar Örn Arnarson, Þórunnarstræti 106, Akureyri.  
Viktor Ólason, Hindarlundi 12, Akureyri.

## Starfið í Akureyrarkirkju

**Apríl**

**Fimmtudagur 25. apríl,  
sumardagurinn fyrsti**  
Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 10:30.

**Sunnudagur 28. apríl**  
Lokahátíð barnastarfsins í Akureyrarkirkju kl. 11:00.  
Dans- og harmonikumessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

**Maí**

**Sunnudagur 5. maí**  
Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

**Fimmtudagur 9. maí,  
uppstigningardagur**  
Messa í Akureyrarkirkju kl. 14:00.  
Kaffi í Safnaðarheimilinu að messu lokinni.

**Sunnudagur 12. maí**

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

**Föstudagur 17. maí**

Æfing fermingarbarna í kapellu kl. 15:00.  
(Pau sem fermast 18. maí).  
Æfing fermingarbarna í kapellu kl. 16:00.  
(Pau sem fermast 19. maí, f.b).  
Æfing fermingarbarna í kapellu kl. 17:00.  
(Pau sem fermast 19. maí, e.b).

**Laugardagur 18. maí**

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 10:30.

**Hvítasunnudagur 19. maí**

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 10:30 og 13:30.  
Gospelnessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

**Mánudagur 20. maí,  
annar í hvítasunnu**

Æðruleysismissa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

**Miðvikudagur 22. maí**

Fundur með fermingarbörnum vorsins 2014 og foreldrum þeirra í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

**Sunnudagur 26. maí**

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

**Föstudagur 31. maí**

Æfing fermingarbarna í kapellu kl. 16:00.

**Júní**

**Laugardagur 1. júní,  
sjómanningardagurinn**  
Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 10:30.

**Fastir liðir**

**Mánudagur:**  
Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag þvers mánaðar.

**Þriðjudagur:**  
Morgunsöngur í kapellu kl. 9:00.

**Miðvikudagur:**  
Foreldramorgunn kl. 10:00-12:00.  
12 spora starf í kapellu kl. 20:00-21:00.

**Fimmtudagur:**  
Kyrndar- og fyrirbenastund kl. 12:00.  
Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina.

Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Ábyrgðarmenn: Gyða Sigþórsdóttir og Svavar Alfreyð Jónsson.

